

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félag leikstjóra á Íslandi
vegna leikstjóra við Þjóðleikhúsið
hins vegar**

gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

**1. gr.
Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. mars 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Launahækkanir**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1. 03. 2015:

Lfl.

01	467.743
02	482.208
03	497.121
04	512.497
05	528.347
06	544.688
07	561.534
08	578.901

1.06. 2016: Laun hækka um 6,5%.

1.06. 2017 Laun hækka um 4,5%.

1.06. 2018 Laun hækka um 3,0%.

1.02. 2019 Sérstök eingreiðsla, 70.000 kr., greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	78.000 kr.
Á árinu 2016	82.000 kr.
Á árinu 2017	86.000 kr.
Á árinu 2018	89.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	42.000 kr.
Á árinu 2016	44.500 kr.
Á árinu 2017	46.500 kr.
Á árinu 2018	48.000 kr.

4. gr.

Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er félaginu heimilt að segja samningum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 4. desember 2015 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 27 nóvember 2015

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki
Halldóra Friðjónsdóttir (sign.)
Einar Mar Þórðarson (sign.)

f.h. Félags leikstjóra á Íslandi
með fyrirvara um samþykki félagsmanna
Páll Baldvin Baldvinsson (sign.)
Tryggvi Gunnarsson (sign.)

**Bókanir með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félags leikstjóra á Íslandi
27. nóvember 2015**

Bókun 1

Aðilar að samningi þessum skuldbinda sig til að undirgangast þau skilyrði og skuldbindingar sem fram koma í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, er undirritað var þann 27. október 2015, ásamt síðari breytingum . Það felur m.a. í sér að aðilar undirgangast sameiginlega launastefnu til ársloka 2018 og fylgja þeirri framtíðarsýn um meginstoðir nýs íslensks samningalíkans er þar næst samkomulag um.

Bókun 2

Samningsaðilar eru sammála um að leita eftir samstarfi við þá aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Komið skal á fót nefnd sem falið verði að endurskoða í heild kafla 12 í kjarasamningum aðila þar sem horft verður m.a. til eftirfarandi atriða:

Endurskoðun á framkvæmd talningar veikindadaga.

Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrirsjáanlegum hætti.

Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/aðlögunar á vinnustað eftir langtímaveikindi.

Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa.

Skoða samband iðgjalds í fjölskyldu- og styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar.

Stefnt skal að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. desember 2016

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að leita samstarfs um grunnendurskoðun á 2. kafla kjarasamninga, um vinnutíma. Þar verði eftirtalin atriði lögð til grundvallar:

- Rýmka mörk dagvinnuskila.
- Lækka yfirvinnu- og álagsgreiðslur gegn hækkun dagvinnulauna.
- Endurskoða annars vegar lengd og hins vegar greiðslur fyrir matar- og kaffitíma.
- Endurskoða greiðslur fyrir yfirvinnu hlutastarfsmanna.
- Taka upp frítöku í stað greiðslna hjá skilgreindum vaktavinnuhópum.
- Endurskoða lengd og greiðslu frítökuréttar.
- Nánari skýringar og reglur varðandi hvíldartíma, sbr. kafla 2.4.
- Skilgreina vinnutilhögun ef opnað er á einstaklingsbundna samninga um árslaun.

Almennt skal gengið út frá því að endurskoðun leiði ekki til kjararýrnunar.

Tekin verður ákvörðun um hvort greiða skuli atkvæði um breytingar á 2. kafla kjarasamnings.